

**FUNDARGERÐ SVEITARSTJÓRNAR**

Miðvikudaginn 18. mars 2026 var fundur haldinn í sveitarstjórn Skagastrandar á skrifstofu sveitarfélagsins kl. 8:30.

Á fundinn voru mætt Halldór Gunnar Ólafsson, Péturína Laufey Jakobsdóttir, Arnar Ólafur Viggósson, Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir og Erla María Lárusdóttir ásamt Alexöndru Jóhannesdóttur sveitarstjóra.

Arnór Tumi Finnsson verkefnastjóri fjármála sat fundinn undir 1. Dagskrárlíð.

Oddviti stjórnaði fundi og sveitarstjóri ritaði fundargerð.

Dagskrá:**1. Rekstrayfirlit janúar 2026 og fjárfestingayfirlit janúar-febrúar 2026**

Fyrir fundinum lá rekstraryfirlit vegna janúar 2026 og fjárfestingayfirlit janúar-febrúar 2026.

2. Skýrsla sveitarstjóra

Sveitarstjóri fór yfir málefni sem unnin hafa verið á vettvangi sveitarfélagsins frá síðasta fundi. Var skýrslan flutt munnlega og til kynningar.

3. Skiptayfirlýsing vegna slita byggðasamlaga

Fyrir fundinum lá skiptayfirlýsing vegna slita byggðasamlaga sem staðfest hefur verið af skiptastjórn. Var yfirlýsingin lögð fram til kynningar.

4. Skagaströnd Miðgarður, endurbygging milli Ásgarðs – Niðurstöður útboðs

Fyrir fundinum lágu niðurstöður útboðs vegna endurbyggingar Miðgarðs, endurbygging Ásgarðs en útboðsfrestur rann út þann 3. mars sl. kl. 14:00.

Tvö tilboð bárust í verkið:

Bjóðandi	Tilboð kr.	Hlutfall	Frávik kr.
Úlfsstaðir ehf., Reykjavík	83.845.898	103,4	19.781.450
Árni Helgason ehf., Ólafsfirði	64.064.448	79	0

Tilboðin hafa verið yfirfarin og leiðrétt eftir því sem við á. Vegagerðin leggur til að gengið verði til samninga við lægstbjóðanda Árna Helgason ehf. og að bindandi samningu verði gerður við viðkomandi aðila. Bjóðandi hefur verið metinn samningshæfur.

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða með fimm greiddum atkvæðum að ganga til samninga við Árna Helgason ehf. á grundvelli fyrirbyggjandi tilboðs og fól sveitarstjóra að undirrita samninginn fyrir hönd sveitarfélagsins.

5. Til umsagnar 505. mál frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis – Sveitarstjórnarlög



Lagt er fram erindi vegna 505. máls frá nefnda- og greiningarsviði Alþingis, er varðar breytingar á sveitarstjórnarlögum.

Sveitarstjórn hefur fjallað um málið og samþykkir að fela sveitarstjóra að vinna og skila inn umsögn sveitarfélagsins vegna málsins í samráðsgátt stjórnvalda innan tilskilins frests.

6. Bréf

a. Félag kraftamanna dags. 23. febrúar 2026

Efni: Styrkbeiðni

Fyrir fundinum lá styrkbeiðni vegna Víkingsins 2026. Ekki er unnt að verða við beiðninni.

b. SSNV dags. 3. mars 2026

Efni: Boð á 34. ársþing SSNV

Með erindinu er boðað til 34. ársþings SSNV sem haldið verður á Hótel Laugabakka þann 8. apríl nk. Þingfulltrúar sveitarfélagsins eru Halldór Gunnar Ólafsson, Erla María Lárusdóttir og Péturína Laufey Jakobsdóttir.

c. Lánasjóður sveitarfélaga dags. 5. mars 2026

Efni: Boð á aðalfund Lánasjóðsins

Með erindinu er boðað til aðalfundar Lánasjóðs sveitarfélaga þann 20. mars nk. Sveitarstjóri mun sitja fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.

e. Stjórn Norðurár bs. dags. 12. mars 2026

Efni: Boðun aðalfundar Norðurár bs.

Með erindinu er boðað til aðalfundar Norðurár bs. sem verður haldinn þann 23. mars nk. Sveitarstjóri mun sitja fundinn fyrir hönd sveitarfélagsins.

7. Fundargerðir:

a) Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 18. febrúar 2026

Fundargerð lögð fram til kynningar.

b) Sambands íslenskra sveitarfélaga dags. 3. mars 2026

Fundargerð lögð fram til kynningar.

c) Fræðslunefndar dags. 26. janúar 2026

Fundargerð lögð fram til kynningar.

d) Stjórn Hafnasambands Íslands dags. 16. febrúar 2026

Fundargerð lögð fram til kynningar.

e) Stjórnar SSNV dags. 19. febrúar 2026

Fundargerð lögð fram til kynningar.

f) Stjórnar SSNV dags. 24. febrúar 2026

Fundargerð lögð fram til kynningar.

g) Farsældarráðs Norðurlands vestra dags. 26. febrúar 2026

Fundargerð lögð fram til kynningar.



8. Önnur mál

Péturína Laufey Jakobsdóttir lagði fram eftirfarandi bókun:

“Sveitarstjórn Sveitarfélagsins Skagastrandar lýsir yfir áhyggjum vegna hugmynda um að leggja niður línuívilnun og skel- og rækjubætur. Sveitarstjórn telur að slíkar breytingar geti grafið undan atvinnustarfsemi sem hefur verið rekin á ársgrundvelli í sveitarfélaginu og tryggt ákveðinn stöðugleika. Stjórnvöld eru hvött til að ígrunda fyrirhugaðar breytingar vel og láta framkvæma vandað áhrifamat á hugsanlegum afleiðingum sem breytingarnar kunna að hafa á smærri útgerðir og byggðarlög.”

Var bókunin staðfest samhljóða af sveitarstjórn.

Var sveitarstjóra falið að óska eftir fundi með ráðherra vegna málsins.

Fleira var ekki tekið fyrir og var fundi slitið kl. 10:51

Undirritunarsíða

Alexandra Jóhannesdóttir

Halldór Gunnar Ólafsson

Péturína Laufey Jakobsdóttir

Arnar Ólafur Viggósson

Guðbjörg Eva Guðbjartsdóttir

Erla María Lárusdóttir